

## **1. Almennar upplýsingar**

### *Heiti*

Erlend staða Seðlabankans

### *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

### *Tilgangur*

Hagskýrslugerð er í samræmi við staðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) „[Balance of Payments and International Investment Position Manual, 6th edition](#)“ (BPM6). Staðallinn skilgreinir framsetningu, aðferðafræði, verðmat og hugtök.

### *Heimildir*

Fjárhagssvið Seðlabankans gefur mánaðarlegar upplýsingar um erlendar eignir og skuldir bankans.

### *Lagagrundvöllur*

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, 29. gr.](#)

## **2. Aðferðafræði**

Erlend staða Seðlabankans sýnir stöðu bankans gagnvart erlendum aðilum. Erlendur aðili er skilgreindur í lögum og reglum um gjaldeyrismál þar sem meginreglan er búseta hans til lengri tíma en eins árs. Hrein erlend staða bankans er mismunur erlendra eigna og skulda. Erlend staða bankans er reiknuð á markaðsverði með áföllnum vöxtum á opinberu kaupgengi í lok mánaðar.

### *Hugtök og skilgreiningar*

#### **Gjaldeyrisforði**

Gjaldeyrisforði er skilgreindur í samræmi við alþjóðlega staðla. Gjaldeyrisforði eru erlendar eignir seðlabanka sem eru aðgengilegar til inngripa á gjaldeyrismarkaði eða til að mæta þörfum greiðslujafnaðar við útlönd. Eignirnar verða því að vera auðseljanleg markaðsvara í frjálsum erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrisforði Seðlabankans samanstendur af gulleign, SDR (sérstök dráttarréttindi við IMF), gjaldeyrisstöðu hjá IMF, erlendum seðlum og innstæðum auk

erlendra markaðsverðbréfa. Aðrar erlendar eignir Seðlabankans sem ekki teljast hæfar í gjaldeyrisforða flokkast með öðrum eignum eftir eðli þeirra.

## ***Gull***

Gull í eigu seðlabanka. Algengt er að seðlabankar leigi gullstangir sínar og hafi af þeim vexti. Til að geta talist til gjaldeyrisforða verður gullið að vera tiltækt fyrir peningamálayfirvöld án tafa og kvaða. Gullforði er metinn á markaðsverði.

## ***SDR***

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) úthlutar sérstökum dráttarréttindum (SDR) til að styrkja gjaldeyrisforða aðildarlanda hans. Sérstökum dráttarréttindum er úthlutað í hlutfalli við kvóta viðkomandi lands hjá sjóðnum. Kvóti hvers lands er ákveðinn út frá hlutfallslegu mikilvægi landsins í heimsviðskiptum. Andvirði kvótans er metið í myntkörfu (SDR) sem samanstendur í dag af fjórum gjaldmiðlum, USD, EUR, GBP og JPY, en vægi þeirra er endurskoðað á fimm ára fresti. Mótvirði úthlutaðra SDR er samkvæmt venju ekki talið til skulda bankans.

## ***Gjaldeyrisstaða við IMF***

Gjaldeyrisstaða við IMF er mismunur kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðunum að frádreginni krónuinnstæðu hans hjá Seðlabankanum.

## ***Seðlar og innstæður***

Hér undir falla erlendir seðlar í eigu Seðlabankans og innstæður hans í erlendum bönkum.

## ***Verðbréf***

Verðbréf útgefin erlendis sem uppfylla skilyrði um auðseljanleika eigna í gjaldeyrisforða.

## ***Aðrar erlendar eignir***

Eignir í erlendum gjaldmiðlum sem falla ekki undir þau skilyrði sem gerð eru um auðseljanleika eða kvaðaleyssi eigna í gjaldeyrisforða. Þetta eru einkum ómarkaðshæf skuldabréf og hlutabréf sem teljast því ekki til gjaldeyrisforðans

## ***Skuld við IMF***

Hér eru kvótalán og sérstök viðbúnaðarlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins færð til skuldar. Seðlabankinn dróg síðast á slík lán í byrjun níunda áratugarins en þau voru að fullu greidd á árinu 1987.

## ***Stutt bankalán***

Skuldir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum til eins árs eða skemmi tíma. Hér er um að ræða lán sem Seðlabankinn tekur í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisforðann.

## ***Innstæður erlendra aðila***

Innstæður alþjóðastofnana og annarra erlendra aðila í Seðlabankanum.

## ***Aðrar erlendar skuldir***

Erlendar skuldir ótaldar annars staðar svo sem löng lán, erlendar skuldir í íslenskum krónum skuldaskipti o.fl.

## ***3. Áreiðanleiki gagna***

Erlend staða Seðlabankans er í samræmi við efnahagsreikning bankans.

## ***4. Endurskoðun gagna***

Almennt gildir sú regla að mánaðarlegt uppgjör á erlendri stöðu Seðlabankans sé endanlegt nema fram fari endurskoðun og leiðrétting á bókhaldi bankans.

## ***5. Birting***

Efnahagur Seðlabankans, svo og erlend staða hans og hreyfing í hverjum mánuði er birt mánaðarlega á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Upplýsingar um uppgjör á erlendri stöðu Seðlabankans eru fengnar úr bókhaldi Seðlabankans um erlendra eigna- og skuldaliði flokkaða á einstaka gjaldmiðla. Til viðbótar uppgjóri stöðutalna eru reiknaðar hreyfingar í hverjum mánuði á föstu gengi í lok mánaðar. Í árslok er gerð samræmd alþjóðleg könnun á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um landaskiptingu verðbréfaeignar Seðlabankans. Erlend staða Seðlabankans er hluti [alþjóðlegs birtingarstaðals IMF](#). Gögnin eru aðgengileg frá desember2001.